Bekkur: 9. og 10. bekkur

Námsgrein: Sviðslistir, Sjónlistir

Lykilhæfni: Þættir sem hafa áhrif á námsmat eru:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

- **Menningarlæs**i: Tengist öllum efnisþáttunum.
- **Námshæfn**i: Tengist öllum efnisþáttunum.

Efnisþættir	**Hæfniviðmið**	**Kennsluhættir**	**Námsmat**
Dans	Nemandi geti: • samhæft tónlist og hreyfingu með góðri líkamsvitund og líkamsbeitingu • sýnt öryggi og færni til að dansa einn eða sem hluti af pari eða hópi, • tekið þátt í skapandi vinnuferli í dansi, sett saman einfalt dansverk • dansað fyrir framan áhorfendur með tilfinningu fyrir þáttum eins og túlkun, augnsambandi, rými, líkamsbeitingu og kurteisisvenjum,	- Innlagnir - Sýnikennsla - Verklegar æfingar - Einstaklingsvinna - **Samvinna** - Sköpun - Persónulegar útfærslur - Leiksýning á Tjarnarsal Nemendur þjálfaðir í að skrifa handrit og flytja leikrit á sviði. Reynt að vinna á jákvæðan hátt með nemendum til að fá fram jákvætt viðhorf til verkefnisins! Mjög mikil samvinna/samkennsla við/með textíl og smíða smiðjur	Símat er í kennslustundum sem byggt er á: - hegðun - viðhorfum - vinnusemi - samvinnu - samskiptum - sköpun - umgengni

Leiklist	Nemandi geti: • unnið í hópi að fjölbreyttum leiklistarverkefnum, • bæði veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana inn í vinnuferli í leiklist, • valið milli mismunandi aðferða við sviðssetningu, bæði hvað varðar frásagnarform og leikstíl, prófað sig áfram og tekið sjálfstæðar ákvarðanir í sköpunarferlinu. Skrifað handrit að stuttu leikverki þar sem beitt er grunnreglum við uppsetningu leikhandrits fyrir svið og/eða myndmiðla, • nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína á markvissan hátt, • túlkað leikpersónu á sviði í góðu samspili við meðleikara. Beitt rými, radd- og líkamsbeitingu á meðvitaðan hátt til þess að styrkja túlkun sína		